

SPURNINGAR OG SVÖR

Minn Mentor í grunnskólum

Skólinn þinn notar Mentor til að skipuleggja nám og kennslu og miðla upplýsingum til nemenda og aðstandenda þeirra. Við höfum tekið hér saman algengustu spurningar og svör sem tengjast aðgangi nemenda og aðstandenda. Ef þú ert með fleiri spurningar skaltu snúa þér til skólans eða skoða www.mentor.is



1. Hvernig skrái ég mig inn á Mentor?

Þú getur skráð þig inn með notandanafni og lykilorði og í framhaldinu getur þú virkjað 4 stafa PIN númer til að skrá þig inn á fjótlegru hátt. Þú opnar www.mentor.is og smellir á innskráningu hægra megin á skjánum. Ef þú ert ekki með notandanafn og lykilorð getur þú smellt á **Gleymt lykilorð** og þá færðu tölvupóst sendan með viðeigandi upplýsingum. Ef enginn póstur berst (mundu að kíkja í ruslið líka) þarftu að hafa samband við skólann því mögulega vantar ákveðnar upplýsingar um þig þar.

2. Er til Mentor app?

NÝTT! Já, app sem gefur þér upplýsingar um nýjar skráningar á hverjum degi hefur nú litið dagsins ljós. Tilkynning berst með nýrri skráningu og með því að smella á hana ertu komin(n) inn á þitt svæði í Mentor. Við hvetjum alla til að sækja sér appið á annað hvort appstore eða google play.

3. Get ég breytt lykilorðinu mínu?

Já, skráðu þig inn og smelltu á nafnið þitt. Þá getur þú breytt lykilorðinu.

4. Mér tekst ekki að skrá mig inn, hvað get ég gert?

Þú getur óskað eftir nýju lykilorði en gættu þess að vera með hástafi og lágstafi rétta. Ef þú afritar lykilorðið skaltu passa að ekki fylgi með aukabil. Ef það vill ekki ganga skaltu hafa samband við skólann.

5. Ég á fleiri en eitt barn í skóla, hvernig virkar það?

Efst á skjánum sérðu nafnið þitt og nafnið á barninu sem þú getur skoðað. Til að velja annað barn smellir þú á nafnið og þá kemur nafnið á hinu barninu og þú getur valið það.

6. Er hægt að bæta við aðstandendum?

Já, hafðu samband við skólann því þar eru þeir skráðir inn. Gefa þarf upp kennitölu, netfang og símanúmer.

7. Hvar sé ég nýjar færslur?

Efst á síðunni við nafnið þitt er lítil bjalla og með því að smella á hana sérðu allar nýjar skráningar sem hafa borist frá því að þú varst skráð(ur) inn síðast. Ef þú smellir á eitthvað af þeim atriðum sem er á listanum færð þú frekari upplýsingar.

8. Hvernig virka flísarnar?

Við innskráningu birtast flísar sem hver um sig inniheldur ákveðnar upplýsingar. Með því að smella á einhverja þeirra færðu frekari upplýsingar og hægt er að loka þeim aftur með því að smella á kassana fjóra í vinstra horninu uppi. Athugið að flísarnar geta verið mismargar eftir því hvað skólinn er að nýta sér.

9. Afhverju eru engar upplýsingar í sumum flísunum?

Það veltur á því hvað kennarar eru að nýta sér. Það getur verið mismunandi eftir aldurstigum og áherslum hvers skóla.

10. Hvert er innihald flísanna?

Vikuáætlun – hér getur þú skoðað heimavinnu nemanda í hverri viku og skilaboð frá kennara. Hægt er að fletta á milli vikna.

Stundaskrá – Hér er stundaskrá nemandans og hægt er að velja tiltekinn dag til að skoða hann nánar.

Ástundun – Í þessum reit er hægt að skoða alla ástundun vetrarins. Aðstandendur geta einnig tilkynnt forföll fyrir daginn í dag og á morgun eða í ákveðnum kennslustundum.

Bekkjarlisti – Í bekkjarlista sérðu nöfn allra í bekknum, heimilisfang og símanúmer. Aðstandendur eru yfirleitt sýnilegir líka en þeir hafa möguleika á að birta ekki allar upplýsingar um sig á þessum lista. Út frá þessum lista geta aðstandendur sent tölvupóst til foreldra eða umsjónarkennara.

Verkefni – Nemendur hafa yfirsýn yfir verkefni sín hér og sjá hvenær þeim á að vera lokið. Oft fylgja upplýsingar um viðmiðin sem verkefni tengist og námsefni. Ef nemandi á að skila verkefni rafrænt gerir hann það hér.

Fréttir – Hér er yfirlit yfir fréttir sem skólinn hefur skráð inn.

Námsmat – hér safnast allt námsmat saman flokkað eftir námsgreinum. Hæfnikortið sýnir viðmiðin í hverri grein og hver staða nemandans er í hverju viðmiði fyrir sig. Einnig má sjá námsmat úr verkefnum og námsmarkmiðum en það geta verið mismunandi kvarðar í gangi. Flestir skólar nýta sér þennan kvarða:

 Framúrskarandi

 Hæfni náð

 Þarfnast þjálfunar

 Hæfni ekki náð

Mat á hverju viðmiði fyrir sig getur breyst eftir því sem líður á skólaárið. Í byrjun eru væntanlega fá viðmiðin metin en síðan eykst það smátt og smátt. Nemendur geta fylgst vel með eigin stöðu og fá tækifæri til að bæta sig þar sem þörf er á. Viðmiðin geta verið misveigamikil en kennari gefur yfirleitt eina einkunn í lok annar eða skólaárs sem byggir á þessum viðmiðum.

Námslotur – Hér eru allar námslotur sem nemandinn er skráður í en þær halda utan um öll gögn sem viðkoma kennslu í hverri grein yfir ákveðið tímabil.

Námsmappa – Hér eru skjöl sem skólinn hefur vistað inn í námsmöppu nemandans. Þetta getur verið vitnisburðarblað, myndir af verkum nemandans og fleira.

Rafræn próf – Þessi flís verður aðeins sýnileg ef rafrænt próf er skráð og því er aðeins hægt að ljúka með því að fara inn á aðgangi nemandans.

Dagatal – hér má skoða skóladagatalið og þá viðburði sem kennarar hafa skráð inn. Nemendur geta einnig skráð inn sínar eigin færslur sem eru þá eingöngu sýnilegar þeim.

Fjölskylduvefur – Þessi flís gefur þér aðgang að gamla viðmótinu þar sem hægt er m.a. að skoða dagbók nemanda.

Foreldraviðtöl – Þessi flís er aðeins sýnileg þegar bókun viðtala er í boði. Yfirleitt fá foreldrar tilkynningu um að hægt sé að bóka viðtöl á ákveðnum tíma og þá opna þeir þessa flís og velja þann tíma sem hentar best til viðtals.

11. Hvernig tilkynni ég forföll?

Sem aðstandandi getur þú tilkynnt forföll nemanda með því að fara í ástunung og smella á „Tilkynna forföll“. Þú getur tilkynnt forföll fyrir heilan dag eða tiltekna kennslustundir ef nemandinn þarf aðeins að fara frá í skamman tíma. Þegar skólinn hefur staðfest beiðnina frá þér færðu tölvupóst þess efnis.

12. Upplýsingar um mig eru ekki sýnilegar á bekkjarlista?

Það er val aðstandenda hvað þeir láta mikið af upplýsingum vera sýnilegar öðrum aðstandendum. Með því að smella á nafnið þitt, velja stillingar og síðan persónuvernd getur þú valið hvað af upplýsingunum eiga að vera sýnilegar.

13. Hver er munurinn á aðgangi aðstandenda og nemenda?

Aðstandendur hafa upplýsingar um öll börnin sín á einum stað en nemandi hefur aðeins aðgang að eigin upplýsingum. Þar að auki geta aðstandendur uppfært persónulegar upplýsingar eins og símanúmer og netfang. Aðstandendur geta sent öðrum foreldrum póst í gegnum Mentor og tilkynnt um forföll barnsins síns.

14. Eru gögnin örugg og hver hefur aðgang að þeim?

Já, öll gögn sem skráð eru í Mentor eru hýst af viðurkenndum aðilum og kerfið hefur verið aðlagð þeim breytingum sem fylgdu nýrri persónuverndalöggjöf. Hver og einn notandi getur aukið öryggið enn frekar með því að vera með sterkt lykilorð sem inniheldur tákni, tölur og bókstafi og gætt þess að aðrir komist ekki yfir það.

15. Hverjir fá tölvupóst og SMS frá skólanum?

Yfirleitt eru foreldrar báðir á netpóstlista skólans og oft nægir að annað sé á SMS listanum. Margir kennarar senda póst reglulega heim með fréttum af skólafarfinu en SMS skilaboð eru frekar notuð ef skóli fellur niður eða til að minna á viðburði. Þó fleiri aðstandendur séu skráðir hjá nemanda getur verið óþarfi að hafa þá á póstlista en forráðamenn meta það og láta skólann vita.